

FRÁSÖGN

af vörfundi NATO-þingsins í Tbilisi 26.–29. maí 2017

Árlegur vörfundur NATO-þingsins var haldinn í Tbilisi dagana 26.–29. maí sl. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sóttu fundinn Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður, Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður, og Jón Steindór Valdimarsson, auk Örnú Gerðar Bang ritara. Á vörfundum NATO-þingsins vinna málefnanefndir skýrslur og eiga fundi með fulltrúum ríkisstjórna, alþjóðastofnana og sérfræðingum. Þá er þingfundur haldinn þar sem fjallað er um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu. Helstu umræðuefni fundarins voru baráttan gegn hryðjuverkaógninni, ástandið í Rússlandi og öryggismál á svæðinu í kringum Svartahaf en Suður-Ossetía, sem Rússar hertóku af Georgíu ásamt Abkasíu árið 2008, er í aðeins klukkustundar akstri frá fundarstað. Einnig fór fram umræða um öryggismál á norðurslóðum, átökin í Sýrlandi, flóttamannavandann og eldflaugavarnir. Rúmlega 200 þingmenn sóttu fundinn frá 21 aðildarríki.

Á fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins var m.a. tekin ákvörðun um starfsemi og helstu viðfangsefni NATO-þingsins seinni hluta árs 2017. Samþykktar voru breytingartillögur á starfsreglum NATO-þingsins í ljósi inngöngu Svartfjallalands og fjölgun atkvæða Tyrklands í samræmi við íbúafjölda. Einnig verður áhersla lögð á samstarf og stefnu um opnun fyrir ný aðildarríki, norðurslóðamál, spillingu og áhrif hennar á öryggi ríkja, kynjajafnrétti og öryggismál og samskipti þvert yfir Atlantshaf. Rætt var um samskipti NATO-þingsins við rússneska þingið og voru nefndarmenn sammála um að halda samskiptum við Rússa óbreyttum í samræmi við ákvörðun stjórnarnefndar þingsins í Ríga 2014 þar sem nefndarmenn kusu einróma með því að Rússar misstu stöðu sína sem aukaaðildarríki að NATO-þinginu eftir innlimun þeirra á Krímskaga. Þó var lögð áherslu á mikilvægi þess að samræður ættu sér stað milli Rússa og NATO-þingsins.

Stjórnmalanefnd fjallaði um tvær skýrslur á fundum sínum. Sú fyrri fjallar um málefni Kína á breyttum tímum og sú síðari beinir sjónum sínum að öryggismálum ríkja við Persaflóa. Þar kom fram að átökin í Sýrlandi, Írak og Líbíu og vaxandi styrkur Daesh valda víðtækum öryggisógnum í Miðausturlöndum og krefjast líklega hernaðarlegra og stjórnmalalegra viðbragða til að ná fram stöðugleika. Vísinda- og tækninefnd ræddi um framtíð leyniþjónustu, vaxandi styrk Daesh og framtíðaráskoranir auk kjarnorkuáætlunar Írans.

Efnahagsnefnd NATO-þingsins fjallaði í skýrslum sínum um fjárhagsleg áhrif nýrra áskorana varðandi öryggismál, samband spillingar og öryggismála og efnahagslegar afleiðingar loftslagsbreytinga þar sem Lilja Alfreðsdóttir var skýrsluhöfundur. Hún benti m.a. á alvarleika þess að stjórn Donald Trump, Bandaríkjaforseta hefði dregið sig út úr Parísarsamkomulaginu, sem fæst við útblástur gróðurhúsalofttegunda frá og með árinu 2020. Um 40% alls útblásturs gróðurhúsalofttegunda er í tveimur löndum, Bandaríkjunum og Kína, sem bæði fullgiltu samninginn 3. september 2016. Bandaríkin drógu síðan þátttöku sína til baka með yfirlýsingu Donald Trump Bandaríkjaforseta 1. júní 2017. Það er stefnubreyting sem gerir lítið úr þeirri alþjóðlegu viðleitni að takast á við áskoranir loftslagsbreytinga. Ef Bandaríkin yfirgefa þetta alþjóðlega verkefni til að draga úr loftslagsbreytingu, gæti stefna þeirra einnig haft neikvæð áhrif á vilja annarra ríkja til að takast á við áskoranirnar sem gæti haft kostanaðarsamar og alvarlega afleiðingar. Jafnframt benti Lilja á í skýrslu sinni að rannsóknir sýndu fram á að efnahagslegar afleiðingar loftslagsbreytinga gætu orðið mun meiri en áður var talið. Það sé því mun kostnaðarsamara að aðhafast ekki og ávinningur þess að markmið Parísarsamkomulagsins náist verði margfalt meiri en sá kostnaður sem fylgir verkefninu.

Þá fjallaði varnar- og öryggismalanefnd NATO-þingsins um drög að þremur skýrslum á fundi sínum. Sú fyrsta fjallaði um viðbragðsáætlun NATO í ljósi nýrra ógna, önnur um NATO og framtíðarhlutverk sjóhernaðar og sú þriðja um alþjóðlega baráttu gegn hryðjuverkasamtökunum

Daesh. Nefnd um borgaralegt öryggi ræddi um hvernig styrkja ætti vestræna samvinnu í baráttunni gegn hryðjuverkum og ástandið í Úkraínu og leiðir til að tryggja sjálfstæði og innleiða endurbætur. Auk þess fór fram umræða um málefni Vestur-Balkanskaga.

Hinn eiginlegi þingfundur NATO-þingsins fór fram 29. maí sl. þar sem tignargestir fluttu ávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Paolo Alli, forseti NATO-þingsins, Irakli Kobakhidze, forseti georgíska þingsins, Giorgi Margvelashvili, forseti Georgíu, Giorgi Kvirikashvili, forsætisráðherra Georgíu og Rose Gottemoeller, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO. Forseti NATO-þingsins setti fundinn og sagði í ræðu sinni að stöðugleiki á Kákasus-svæðinu og í kringum Svartahaf væri nátengdur öryggi á Vesturlöndum. Hann varaði Rússa við að auka frekar á spennuna á svæðinu og standa í vegi Georgíu og Úkraínu kjósi þau að fíkra sig nær Vesturlöndum. Stöðugleiki og öryggi í heimshlutanum skipti sköpum fyrir stöðugleika og öryggi í Evrópu og handan Atlantshafs (*Euro-Atlantic*). Þá sagði Alli þá ákvörðun að halda vorkundi NATO-þingsins í Tbilisi undirstrika stuðning þingsins við viðleitni Georgíu til að færa sig nær stofnunum í Evrópu og handan Atlantshafs (*Euro-Atlantic*).

Áslaug Arna tók til máls á þingfundinum og vakti athygli á málefnum norðurslóða og auknu vægi svæðisins í alþjóðlegri umræðu. Hún sagði landfræðilega legu, áhrif loftslagsbreytinga og bætt aðgengi að náttúruauðlindum hafa opnað augu umheimsins fyrir tækifærum og áskorunum á svæðinu. Hlýnun hefði átt sér stað og hafís hopað hraðar en spáð verið fyrir um og áhrifin verið mikil á hefðbundna lifnaðarhætti. Á sama tíma væru að opnast ný tækifæri m.a. með opnun nýrra siglingaleiða og ferðaþjónustu. Með auknu mikilvægi svæðisins varðandi viðskipti og landfræðistjórnmalalegar breytingar (*geopolitical changes*) óttist menn aukna spennu milli strandríkja á svæðinu en Rússar hafi nú þegar aukið hernaðarviðbúnað sinn þar. Í ljósi þessarar þróunar og að fimm af aðildarríkjum NATO eiga landsvæði á norðurslóðum spurði Áslaug aðstoðarframkvæmdastjóra NATO hvort hún hefði áhyggjur af hröðum loftslagsbreytingum á norðurslóðum og hvort hún teldi þær hafi áhrif á öryggismál á svæðinu. Jafnframt spurði Áslaug Gottemoeller hvort hún teldi að NATO ætti að hafa meiri afskipti af málefnum norðurslóða. Gottemoeller svaraði því til að málefni norðurslóða væru afar mikilvæg og þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað hefðu beint aukinni athygli að svæðinu. Hún sagði að NATO ætti að vera virkara þegar kæmi að málefnum norðurslóða og bandalagið treysti á aðildarríki sín á norðurslóðum eins og Ísland og Noreg til að leiðbeina og upplýsa í þeim málum.

Fjöldi ríkja í Austur-Evrópu hefur gengið í NATO eftir að kalda stríðinu lauk. Svartfjallaland var þriðja ríki gömlu Júgóslavíu til að ganga í bandalagið. Þá ræddi Alli m.a. um ástandið í Úkraínu, nauðsyn þess að beina sjónum að ástandinu í Miðausturlöndum og Norður-Afríku, ekki síst átökunum í Sýrlandi, Írak og Líbíu sem hafa hrundið af stað öldu innflytjenda til nágrannasvæða og Evrópu.

Ársfundur NATO-þingsins fer fram í Búkarest 6.–9. október nk. Frekari upplýsingar fást hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.nato-pa.int.